

MOTOR & SPORT

TÍMARIT UM BÍLA, MÓTORHJÓL, VÉLSLEÐA, BÁTA & MÓTORSPOURT



4X4 SÝNING



Nýir bílar - Porsche sýning - Volvo sýning - Viðtal
Tölvuleikjagagnrýni - Nissa Leaf - Að undirbúa
fjölskyldubílinn fyrir veturinn

Kauptu betri vetrardekk - hjá MAX1

nokian
TYRES

Margverðlaunuð Nokian gæðadekk sem veita öryggi

Nokian er leiðandi í framleiðslu dekkja sem eru sérstaklega hönnuð fyrir krefjandi aðstæður norðlægra slóða. Nokian dekk veita öryggi og minnka eldsneytisnotkun. Þau veita jafnframt mykt og þægindi í akstri.

Ekki fórna örygginu í vetur. Veldu gæðadekk frá Nokian.

Mundu að grip dekkjana er aðeins fjórir lófastórir fletir.

Fáðu ráðgjöf frá sérfræðingum við val á dekkjum.

Komdu á Max1 Bílavaktina.



Max1 bílavaktin og Nokian uppfylla ESB reglur um hjólbardamerkingar. Fáðu ráðgjöf.



NAGLADEKK NOKIAN HP 8

NÝ
TEGUND



Öruggasta og besta nagladekkið 2013 skv. könnun ZaRulem.

Góð ending, minni eldsneytiseyðsla og hljótlátt.

Minna vegslit og góðir umhverfis-eiginleikar.

Verksmiðjuneglt með akkerisnögglum.

VETRARDEKK (ÓNEGLT) NOKIAN HP R2

NÝ
TEGUND



Öruggasta og besta óneglda vetrardekkið 2013 skv. könnun ZaRulem.

Ný gúmmiblanda veitir frábært grip í snjó og ís.

Byltingarkennt loftbóludekk með silica crystal trefjum.

VETRAR- OG HEILSÁRSDEKK NOKIAN WRD3



Verðlaunað fyrir frábæra eiginleika í snjó, bleytu og á þurru undirlagi.

Gott verð og minni eldsneytiseyðsla.

Góðir umhverfis-eiginleikar.



MOTOR & SPORT

TÍMARIT UM BÍLA, MÓTORHJÓL, VÉLSLEÐA, BÁTNA & MÓTORSPOURT

Mótor & Sport ehf., Laufbrekku 24 Kópavogur KÍ: 470233-0270 S: 564-2811/897-1429/772-0429 E-mail: motorogsport@motorogsport.is Ritstjóri og Ábyrgðarmaður: Hálfán Sigurjónsson. Mótor & Sport tekur enga ábyrgð á villum í texta augljóslega sem birtast í blaðinu.

Þá nálgast eins árs afmæli Mótor & Sport, og þá förum við að brydda upp á nýjungum.

En þetta blað sem hér er að koma út er svona með hefðbundnara sniði.

Nú langar okkur að biðjast velvirðingar á mistökum í textavinnslu sem varð í síðasta blaði þar sem sagt var að Brimborg væri með umboð fyrir Peugeot en að sjálfsögðu er það Bernhard sem er með umboð fyrir bifreiðar frá Peugeot og leiðréttist það hér með.

Þá urðu líka þau mistök að rugla saman Ingvari Helgasyni og BL sem umboði Renault, en það er að sjálfsögðu BL sem er með það umboð.

En eins og allir vita þá sameinuðust IH og BL undir nafni þeirra síðarnefndu og leiðréttist það hér með.

Við erum í þessu blaði svolítið að minna á veturinn og erum með umfjöllun um hvað fólk ætti að athuga á sínum bílum fyrir veturinn og við athuguðum hjá nokkrum verkstæðum hvað þau bjóða upp á, og getur fólk lesið um það inni í

blaðinu.

Þá er fjallað um sýningu 4X4 Klúbbsins í myndum og máli, en hún var öll hin glæsilegasta.

Bílaumboðin eru í óða önn að kynna 2014 árgerðir um þessar mundir og förum við á kynningar hjá Brimborg og BL í september og skoðuðum hvað þeir hafa uppá að bjóða hvað varðar BMW og Volvo.

Hægt er að sjá myndir af því inni í blaðinu.

Við munum að sjálfsögðu halda áfram að fylgjast með þessu í næstu blöðum.

Við vonum að veturinn leggjst bara nokkuð vel í alla og munum við að sjálfsögðu fylgjast með mótorsporti, fjallaferðum, bílum vélsleðum og fjór hjólum í vetur.

Við þökkum fyrir keppnis og ferðasumarið 2014.

Hálfán Sigurjónsson.

Höfundar efni: Halldór Már Aðalsteinsson.- Haukur Svavarsson.- Hálfán Sigurjónsson **Myndir:** Peugeot Motors Media- Renault Motors Media. - VW Motors Media. - Nissan Motors Media. - Hálfán Sigurjónsson. - Halldór Már Aðalsteinsson. **Prófarkalestur:** Árdís Pétursdóttir - Sigtryggur Harðarson - Aðstoð við textavinnslu - Árdís Pétursdóttir. **Grafík:** Halldór Már Aðalsteinsson **Vefstjóri:** WWW.motorogsport.is Árdís Pétursdóttir. **Dreifing:** Akureyri: Jón Rúnar Rafnsson.- Egilsstaðir: Kristfinnur Ólafsson.- Ísafjörður: Guðmundur Einarsson (Bílverið)

DEKKVERK



578-7474

www.dekkverk.is

OPIÐ ALLA DAGA 10 - 19

Lyngás 20, Garðabæ



Ég er nógu gamall til að muna olúkreppuna á áttunda áratugi síðustu aldar. Olúkreppuna, þegar bensín var sums staðar skammtað. Olúkreppuna, þegar fyrst voru settar reglur um mengunarvarnir á bíla. Olúkreppuna, þegar því var spáð, að bensínbíllinn hyrfi af götunum innan tíðar. Olúkreppuna, þegar því var spáð að rafmagnsbílar myndu leysa þá af hólmi. Allt átti þetta að gerast á tiltölulega skömmum tíma; einum til tveim áratugum. En, eins og skáldið sagði: „Síðan eru liðin mörg ár“! Og nú, 35 árum eða svo síðar er ekki að sjá að sprengihreyfillinn sé á förum. Rafmagnsbíllinn er þó, loksins, að því er virðist að ryðja sér til rúms, þó hægt fari. Það má eiginlega segja, að það sé ekki fyrir en á allra síðustu árum, sem almennir bíleigendur á Vesturlöndum hafi farið að kaupa slíka til heimilisbrúks.

Rafmagnsbíllinn er að vísu ekki nýjung í sjálfu sér, því slíkir höfðu verið smíðaðir strax í upphafi bílaaldar. Hvernig það atvikaðist, að sprengihreyfillinn ýtti rafmótornum fljórtlega inn í skuggann verður ekki rakið hér, en alla vega rifjuðu menn tilvist hans upp, þegar sýnt þótti, á 8. áratugnum, að olíubyrgðir jarðar væru á þrotum. Síðan þá hefur hann verið í, að sagt er, hægri þróun. Nokkrum sinnum hafa verið gerðar tilraunir til að brúka rafbíla á Íslandi, en það hafa yfirleitt verið dvergvaxnir ofursmábílar, sem engan veginn voru sambærilegir við þá bíla, sem við höfum vanið okkur á að nota.

Hybridarnir, sem hafa verið í umferð síðasta áratuginn eða svo, voru vissulega spor í þessa átt, en það er ekki fyrir en nú, sem gefur sig út fyrir að standa algerlega jafnfætis hefðbundum bílum að nær öllu leyti (og áður en einhver fer að skammast; ég veit um Tesla, en þar er um að ræða annars vegar sportbíl og hins vegar stóran lúxusbíl, sem geta varla talist valkostir við það, sem hér er til umfjöllunar).


Nissan LEAF, sem er skammstöfun fyrir „Leading, Environmentally friendly, Affordable, Family car“ er einmitt þessi hreini rafmagnsbíll. (Eigum við kannski að kalla hann LAUF á íslensku og segja að það sé skammstöfun fyrir „Lipurt, alhliða, umhverfisvænt farartæki“?). Þegar manni býðst að reynsluaka honum hugsar maður ósjálfrátt um, hvort hann sé einhvern veginn öðru vísi en “hefðbundnir” bílar. Það er í sjálfu sér hálf heimskuleg hugsun. Bíll er jú bara bíll og hvers vegna ætti að skipta mann máli, þegar að akstrinum kemur hvað knýr hann áfram? En kannski er það stærsti þröskuldurinn fyrir rafbíla að yfirfista til að öðlast hlutdeild í bilamarkaðnum; hefðirnar og vaninn? Vissulega eru tvö önnur atriði, sem ávalt er spurt um fyrst; drægni og verð. Það tvennt eru einu Akkilesarhælar bílsins, þegar kemur að samanburði við jarðefnaolíknúna bíla (ég bara varð að nota þetta orð).





Hönnun og útlit

Þegar horft er á Nissan LEAF er ekkert, sem vekur sérstaklega athygli. Nefið er stutt og lækkar mikið fram, framrúðan stór og hallandi, afturendi stuttur og rúnnaður, ekkert merkilegt, ekkert óvenjulegt. Ef grannt er skoðað tekur maður eftir að blár litur kemur fyrir út um allt á bílnum. Öll merki innihalda eitthvað blátt, í framljósunum er blár flekkur, m.a.s. endinn á loftnetinu er blár. Ég held að þessi blái litur eigi að vekja einhver hugrenningatengsl við rafmagn. Það eina í útliti bílsins, sem e.t.v. vekur athygli er, að á honum er ekkert grill að framan, enda enginn vatnaskassi, sem þarfnast kælingar því engin er vélin til að kæla. Eins er lúgan á nefinu forvitnileg, en þar undir leynist rafmagnsinnstungan. Allavega er ljóst, að hönnuðir Nissan hafa ekki séð neina ástæðu til að draga sérstaka athygli að bílnum hvað útlit varðar og stendur hann ekki með nokkrum hætti útúr hópnum á götunum né stórum bílastæðum.



Innrétting

Þegar sest er inn í bílinn tekur á móti manni ósköp venjulegt umhverfi. Mælaborðið geymir að vísu ekki hefðbundna mæla, þó þeir gegni í raun sömu hlutverkum og í öðrum bílum. Hér má finna ljósastiku, sem sýnir í akstri hve mikil orka er notuð hverju sinni, svona rétt eins og snúningamælir. Einnig er þarna hitamælir, sem sýnir hita rafgeymanna í stað kælivatns og mæli, sem sýnir hve stórt hlutfall raforku er eftir á geymunum, rétt eins og bensín-mælir, sem og hve langt má aka áður en geymarnir tæmast. Efst, í sér glugga er stafrænn hraðamælir. Fyrir miðju mælaborðs er síðan snertiskjár umkringdur tökkum, til að stjórna og fylgjast með hljómtækjum og miðstöð og slíku. Þar má einnig kalla fram ýmsar upplýsingar um hitt og þetta. Allt er þetta vel staðsett og skjárinn er einkar þægilegur í notkun og auðlærður. Það eina, sem má kalla óhefðbundið er gírstöngin, eða öllu heldur fjarvera hennar. Í staðinn er hnúður, sem maður ýtir til hliðar eða fram og aftur, eftir því hvert skal halda; aftur á bak eða áfram. Ekki er þörf á meiru þar sem í bílnum er enginn gírkassi frekar en í rafbílum almennt. Rými er gott og vel fer um ökumann. Framsætin eru að vísu ekki þau bestu, sem ég hef setið í, en engin ástæða er þó til að kvarta yfir þeim. Frágangur er ágætur þó ekki flokkist hann sem íburðarmikill. Eini gallinn að mínu mati er hin stóra hilla ofan á mælaborðinu sem skartar svörtu plasti sem virkar frekar bilegt. Aftursætisrými er mjög gott og ég vel fer um alla vega tvo fullorðna. Miðjustokkur gengur aftur eftir bílnum en hann er ekki breiður og ætti því lítið að flækjast fyrir fótum miðjufarðega. Rúður eru stórar og útsýni úr bílnum gott hvar sem setið er. Farangursrými er líkt og gengur og gerist í bíl í þessum stærðarflokki; ekkert yfirdrifið en ekki lítið heldur. Innanstokks er sem sagt allt með ágætum án þess að gleðja augað nokkuð sérstaklega; ekkert til að vekja óánægju.





Vél & akstur

Það er alltaf svolítið skrýtið að aka af stað á rafbíl. Bíllinn er búinn lykillausu aðgengi, svo maður hefur bara lykilinn í vasanum og sest inn. Stígur fæti á bremsuna og ýtir á takka í mælaborðinu. Bíllinn heilsar með að kveikja ljósín í mælaborðinu og gefa frá sér hljóð sem minnir helst á þegar ísbíllinn kemur. Svo er bara að velja aftur á bak eða áfram á gírhnúðnum og ýta á hinn petalann. Bíllinn líður af stað hljóðlaust, en þögnin er það eina sem greinir hann frá hefðbundnum bílum. Upptak er gott, þó 0-100 tími sé ekkert sem vekur athygli á prenti. Bíllinn virkar miklu mun sneggri en sá tími gefur til kynna því hröðunin er feikigóð til að byrja með. Á meiri hraða á þjóðvegi er hröðun einnig góð og við þær aðstæður saknaði ég skriðstillis sárt. Mér hætti til að vera kominn á óhóflegan hraða án þess að taka eftir því. Ég held að þarna plati mann áratuga reynsla af hefðbundnum drifbúnaði. Ekkert vélarhljóð gefur öikumanni til kynna að hraði sé að aukast og engar eru gírskiptingarnar heldur. Þetta er nokkuð, sem maður þarf að venjast. Hvað aksturseginnleika varðar er aðeins eitt að segja. Þeir eru með ágætum. Fjöðrun er hæfilega mjúk án þess bíllinn leggist óhóflega í beygjum, stýri er ekki of létt og ágætlega nákvæmt. Rétt eins og hver annar hefðbundinn fjölskyldubíll. Þó bíllinn sé ekkert sérlega smávaxinn (um 440 cm) er hann lípur í þrængslum og hjálpar þar bakkmyndavélin, sem er staðalbúnaður. Í stuttu máli má segja, að LEAF er fullkomlega sambærilegur við hvaða brúksbíl, sem er.




Niðurstaða

Þetta er framtíðin! Hversu oft höfum við ekki séð þessa yfirlýsingu notaða um nýjungar í bílaheiminum? Ekki hef ég tölu á þeim skiptum, en get samt alveg skrifað upp á að hún eigi ágætlega við Nissan LEAF. Framboð rafbíla eykst hratt þessi misserin og í farvatninu eru margir slíkir frá ýmsum framleiðendum. LEAF-inn er sá fyrsti, sem okkur Íslendingum býðst til kaups, sem líta má á sem raunhæfan valkost, sem stenst samanburð við hefðbundna bíla að öllu leyti. Nema: Hann er vissulega dýrari og þú getur ekki farið á honum til Akureyrar. Verðmunurinn er þó ekki meiri en svo (700-1200 þús) að ekki megi réttlæta hann með sparnaði í eldsneytiskaupum. Þetta með drægnina er hins vegar eitthvað, sem menn verða að læra að lifa með. Ef bíllinn er einungis notaður til daglegs snatts innan höfuðborgarsvæðisins ætti það ekki að vera vandamál og það má alveg skreppa til Keflavíkur og til baka. Ef mikið lengra er farið er vert að kíkja í heimsókn hjá einhverjum, sem er aflögufær með rafmagn og drekka allmarga kaffibolla áður en haldið er heim á ný. Ef manni hins vegar duga 100-140 km á dag ætti LEAF klárlega að vera á listanum innan um hina millistóru bensín- og díselbíla þegar kaup á slíkum eru íhuguð. Svo verður hver að veða kostina og gallana. Hvað alla umgengni og notkun varðar er alla vega LEAF fullkomlega samkeppnisfær við hvað sem er í þeim flokki.



Hámarkaðu afsláttinn



Afsláttarþrep Orkunnar + Þín stöð

Með **Afsláttarþrepum Orkunnar** býðst Orkulyklahöfum stighækkandi afsláttur af eldsneyti hjá Orkuni í takt við aukinn fjölda keyþra lítra í mánuðinum á undan hjá Orkuni og Shell. Þín stöð bætist við Afsláttarþrep Orkunnar og verður afslátturinn þannig að hámarki 10 kr.

| | | | |
|-----------------------|-------|------------------|-----------------------|
| PREP 1 0-50L | 3 kr. | + 2 kr. Þín stöð | = 5 kr. afsl. |
| PREP 2 50-150L | 5 kr. | + 2 kr. Þín stöð | = 7 kr. afsl. |
| PREP 3 150L+ | 8 kr. | + 2 kr. Þín stöð | = 10 kr. afsl. |

Skráðu þig í **Afsláttarþrep Orkunnar** á orkan.is og hámarkaðu afsláttinn þinn.

Sjá nánar á www.orkan.is

Símanúmer þjónustuvers: **578 8800**



www.orkan.is/afslattarthrep





Nú eru 2014 árgerðirnar að renna í hús hjá umboðunum og að sjálfsögðu ætlum við að fylgjast með.

Um miðjan september kynnti Brimborg nýjustu gerðirnar af Volvo 60 seríunni.

Við vorum mætt á svæðið og hér má sjá myndir af þessum nýju gæðingum frá Volvo.

Bílarir eru til í „station“ og fólksbíla útfærslu.

Diesel vél er notuð í flesta bílana en þó er hægt að fá þá með bensínvél ef menn óska þess.

Hér eru myndir frá kynningunni







Bílabúð Benna umboðsaðili Porsche á Íslandi fagnaði 50 ára afmæli Porsche og er það þá miðað við 911 bílinn, með glæsilegri sýningu í sýningarsal sínum við Vagnhöfða.

Þarna voru saman komnar nokkrar af nýjstu týpum af Porsche, auk þess sem að félagar í Íslenska Porsche klúbbnum sýndu tæki sín á planinu fyrir utan.

Við látum myndirnar tala:





Peugeot 208



Þar sem textamistök urðu við umfjöllun á Peugeot í síðasta blaði þá ætlum við að skrifa örlítið um þennan skemmtilega bíl hér að neðan.

Peugeot 208 er enn einn af þeim smábílum frá Peugeot sem eru sparneytnir en samt skemmtilega aflmiklir.

Bernhard, sem er umboðsaðili Peugeot á Íslandi býður þessa bíla á mjög góðu verði, og er hægt að velja um diesel eða bensín vél.


Hér að neðan koma upplýsingar um Peugeot 208.

Bíllinn er með gott innanrymi bæði frammi í og aftur í fyrir þetta lítinn bíl að vera.

Hann er mjög sportlegur í útliti og fylgir þannig forverum sínum sem voru þekktir fyrir mjög sportlegt útlit.

Hér fyrir neðan eru nokkrar myndir af Peugeot 208 sem fengnar eru af fjölmörgu síðu Peugeot.

Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Bernhard í Vatnagörðum eða á: www.bernhard.is



| Cm/col | |
|--------|-----------|
| A | 170 |
| B | 167 |
| B0 | 167 |
| C | 111 |
| D | 92 |
| E | 93 |
| F | 90 |
| G | 67 |
| H | 216 |
| I | 97 |
| J | 97 |
| B1 | 99 |
| B2 | 99 |
| K | 1413 1408 |
| L | 1369 |
| M | 1469 1369 |
| N | 1292 1335 |

3P / 5P



MÓTORHJÓLAGEYMAR Í MIKLU ÚRVALI



N1 BÍLAÞJÓNUSTA

440 1100 | WWW.N1.IS

N1

Meira í leiðinni

DRÁTTARBÍLAÞJÓNUSTA

Flytjum bifreiðar • Opnum læsta bíla



Björn Gíslason

Sími: 892 3450 & 554 0305

Hjálmar

mikið úrval



Borgartún 36 (bakvið Cabin Hótel)
Sími 588 9747 | vdo.is



MOTUL Á ÍSLANDI

Almenn smurþjónusta - gæði og gott verð.

SMURÞJÓNUSTAN

Verið velkomin í Motul smurþjónustuna Skemmuvegi 32 sími 537-1333



300V

Motul keppnisolíur

www.motul.island.is www.facebook.com/smurthjonustan Motul á Íslandi sími 462-4600



Renault Clio

Hér eru nokkrar myndir af Renault Clio sem BL flytja að sjálfsögðu inn en í þessari frétt urðu líka mistök á nafni umboðs í síðasta blaði.

En við erum vissir um að þau hjá BL veita áhugasömum allar upplýsingar um Renault Clio en hann er líka einn af þeim bílum sem fæst á innan við 2,5mil og er fánlegur bæði með bensín og diesel vél.

Nánari upplýsingar er líka hægt að nálgast á: www.bl.is



Okkur hjá mótor & Sport langar til að minna á að Hekla hf við Laugaveg er með umboð fyrir VW og þar með WV Polo.

Allar nánari upplýsingar um VW er að sjálfsögðu að finna hjá þeim í Heklu hf og á heimasíðunni þeirra: www.hekla.is





ALL-SEASON
POWERPLY
TECHNOLOGY



Mickey Thompson jeppadekkin hafa sannað sig á Íslandi!

Hið heimsþekktu merki Mickey Thompson hefur verið selt á Íslandi í áratugi en dekkinn hafa verið framleidd síðan árið 1963. M/T merkið er þekkt um allan heim sem hágæða jeppadekk og felgur.

mtdekk.is

Söluaðilar: Öll helstu dekkjaverkstæðin á landinu.
Umboðsaðili: Icetrack ehf. Sími 773 4334
mtdekk@mtdekk.is



Ferðaklúbburinn 4x4 hélt glæsilega sýningu á 30 ára afmælisári sínu í Fífunni í kópavogi helgina 13-15 september síðastliðinn.

Á sýningunni voru sýndar "allar" tegundir fjallabíla sem notast er við og á að nota í fjallaferðum vetrarins, þá mátti sjá bíla í smíðum svo og eldri bíla sem gengið hafa í gegnum endurnýjun lífdaga.

Það virðist vera mikil gróska í því að gera upp eldri ángerðir af jeppum og breyta þeim fyrir fjallaferðir og af hverju ekki?

Það er hægt að fá flotta og ódýra bíla og breyta þeim í hrikalega fjallabíla sem allir hafa gaman af og fjölskyldan getur ferðast á!

Er þetta ekki bara endurvinnsla í hnotskurn.

En aftur að sýningunni.

Þarna var eins og kemur fram að ofan allar gerðir af fjallabílum og jeppum, allt frá því að vera standard og upp í það að vera svo breyttir að maður varla þekkti þá.

Þá voru þarna nokkrir bílar með heimasmíðuð boddý sem sum hver báru nokkra mynd af þeim bílum sem byggt var á, en aðrir voru gersamlega óþekktanlegir og var gaman að sjá svoleiðis hugmyndaaufgi hjá fólki.

Síðan voru þarna bæði bensín og diesel bílar allt frá 20 hestöflum og upp í 1500hestöfl!

Það er hægt að rífast endalaust um notagildi 1500 hestafla tækis í fjallaferðum, en ég er viss um að það er rosalega gaman að þeytast um á þessum jeppa í snjónum.

Þá voru á staðnum nokkrir "trukkar" sem Arctic Trucks höfðu smíðað og hafa verði notaðir í ferðum bæði á suður og norðurpól.

Þar var fremstur í flokki Toyota Hilux sem var búíð að útbúa sem 6X6, sem sagt sex hjóla og með drifi á þeim höllum.

Þá var líka Dodge Ram með sama búnað.

Undirritaður hefur mikið dálæti á eldri bílum og nær það líka yfir jeppa, þess vegna var gaman að sjá þarna á staðnum bæði óbreyttan Jeep (Willys) og lítið breyttan fyrstu kynslóðar Bronco.


Þetta sýnir bara úrvalið sem var á þessari sýningu en þar voru allt frá óbreyttum bílum upp í mikið breytta "trukka" á 50"+ dekkjum og með hrikalega öflugar bensín eða diesel vélar.

Alls voru 147 tæki á sýningunni og um tíu þúsund manns runnu í gegnum Fífuna þessa helgi sem verður að teljast mjög gott

Við óskum 4X4 klúbbnum til hamingju með afmælið og frábæra sýningu og vonumst til að klúbburinn haldi áfram að vinna að hagsmunamálum jeppaáhugamanna um langa framtíð.

Hér eru nokkrar myndir af sýningunni.












BL var í dag laugardaginn 28. Sept með sýningu á 2014 árgerðum af BMW.

Þar á meðal var BMW 428i Coupe, magnaður sportbíll sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.

Þarna mátti líka sjá aðrar tegundir af BMW sem ættu að henta allri fjölskyldunni.

Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá BL eða á: www.bl.is

Ljósmyndari Mótör & Sport var á staðnum og festi þessa nýju bíla á „filmu“ og hér að neðan má sjá afraksturinn:



Stál og Stansar ehf.

Vagnhöfði 7 – sími 517 5000

**Stýrisendar, spindilkúlur,
stýrishlutir og fóðringar í Jeppa**



Stál og Stansar ehf.
Vagnhöfði 7 – sími 517 5000

Allt til kerrusmiðaða



Stál og Stansar ehf.
Vagnhöfði 7 – sími 517 5000

Legur og pakkdósir




Stál og Stansar ehf.
Vagnhöfði 7 – sími 517 5000

**Stýrisendar, spindilkúlur,
stýrishlutir og fóðringar**



Stál og Stansar ehf.
Vagnhöfði 7 – sími 517 5000



HEMLAHLUTIR Í JEPPA

Stál og Stansar ehf.
Vagnhöfði 7 – sími 517 5000



Það er ekki ofsögum sagt að blaðamanni Mótör & Sport hafi komið skemmtilega á óvart hversu vel rallycross keppnin þann 7-7 gekk. Keppnin gekk eins og smurð vél og tók aðeins um tvo tíma sem er með því betra sem undirritaður man eftir, og hefur hann þó fylgst með rallycrossi frá því að brautin var tekin í notkun.

Þegar farið var að grenslast fyrir um hver væri keppnisstjóri var undirritum sagt að ung stúlka hefði tekið að sér keppnisstjórnina. Þar sem forvitnin hjá blaðamanni var vögnuð þá var ekki um en að fá viðtal við þessa stúlku og var það auðsótt mál.

Við mæltum okkur mót á kaffihúsi hér í bæ og mætti Íris Dögg galvösk á staðinn. Þegar við fórum að spjalla þá kom í ljós að hún er með blæðandi bíladellu og er bílamálari að mennt sem vinnur hjá bílaverkstæðinu Bílar og Tjón.



Íris er eins og hún segir sjálf sveitastelpa með mikla bíladellu og þá helst í rally og rallycross, þá hefur hún mikinn áhuga á því að „Kustom“ vinna bíla og þá helst gamla bía ens og maður sér verið að endurhann og gera í þáttum eins og „Overhauling“ „American Hot Rod“ og fleiri skemmtilegum þáttum.

Þegar við fórum síðan að ræða meira um keppnishaldið þá kom í ljós að hún eins og margir fleiri kvarta undan því að effitt sé að fá starfsmenn til að vinna við keppni. Þó virðist sem hún hafi leyst þetta vandamál enda gekk þessi fyrsta keppni hennar vonum framar.

Íris prófaði að keyra Mercedes Benz í fyrra á brautinni, og hana langar eftir þá reynslu að fara að keppa í rallycrossi en ætlar að sleppa því í ár og einbeita sér að keppnisstjórahlutverkinu.

Með því að vera keppnisstjóri þá tekur hún að sér mjög erfitt hlutverk sem ekki margar konur hafa tekið að sér en þær eru kannski fjórar eða fimm sem hafa hætt sér út í þetta.

Það að vera keppnisstjóri er mjög sérstakt og vnaðmeðfarið starf, að ekki sé talað um vanþakklátt. Fyrir það fyrsta er þetta sjálfbóðaliðastarf og hvorki keppnisstjóri né þeir stafs menn sem honum eru næstir þiggja laun. Hinns vegar er alltaf verið að ætlast til þess að keppnisstjóri inni af hendi meiri og meiri vinnu, en keppnisstjóri er kannski að vinna í viku að keppni, það er bæði fyrir og eftir hana en þarna er vrið að vinna sjálfbóðavinnu til að aðrir geti keppt.



**Mikið úrval auka og varahluta
í flestar gerðir hjóla.**

www.4h.is



www.4h.is

Fjórhjólalagerinn

Stapahrauni 7 • 220 Hfj • Sími 588 3355

MOTOR & SPORT

TÍMARIT UM BÍLA, MÓTORHJÓL, VÉLSLEÐA, BÁTA & MÓTORSPORT

**Mótor & Sport óskar eftir því að ráða
auglýsingasala.**

**Hentar vel fyrir fólk sem vill ráða sínum vin-
nutíma sjálf.**

Upplýsingar í síma:

564-2811/897-1429/772-0429 (Nova)

Eða á netfangið: halfdan@motorogsport.is



Íris lætur þetta þó ekki á sig fá og ætlar að halda ótrauð áfram. Það er hins vegar erfitt fyrir ungt fólk með bíladellu að horfa ekki í átt að mótorsporti þegar það er að vinna við áhugamálið, og það er svo sannarlega fjölbreytt flóra sem bíður þeirra sem ætla að prófa mótorsport hvort sem um er að ræða bíla eða mótörhjól. Eftir að hafa talað við Írisi í góða stund þá gerði undirritaður sér grein fyrir því að hún er rétt að byrja í sportinu og við eigum eftir að sjá mikið til hennar í framtíðinni hvort sem það er utan brautar eða í keppni þar sem hún sjálf er ökumaður. Hún reyndar sagði mér að hana dreymi um að keyra rallybíl í keppni, en það að vera aðstoðaökumaður heillar hana ekki, og þegar ég spurði af hverju þá sagðist hún vera mjög bílhrædd! Aðrar aktursgreinar svo sem spyrnan komast líka á blað og er það þá helst sandspynan sem heillar.

Þá er hún áhugamanneskja um F1 og hefur í raun og veru gaman af öllu mótorsporti þar sem mikill hraði er í spilunum, og hana langar mikið að prófa sem flestar tegundir mótorsports.

Það með að keppa er hins vegar annað mál þar sem hún er þriggja barna móðir og það getur oft verið erfitt að saman móðurhlutverkið og mótorsportið.



Bíllinn þinn á bara það besta skilið

- auktu verðgildi hans og sendu hann til Jobba!

**Jobbi hefur verið í
bónbransanum síðan
1982 og veit hvað
bíllinn þinn þarf**

- Er bíllinn orðinn upplitaður?
- Er bíllinn orðinn blettóttur?
- Er áklæðið orðið óhreint?
- Eða er bíllinn bara skítugur?

Láttu Jobba redda málanum!



*Jobbi getur sótt
og skilað bílnum
þínum gegn
vægu gjaldi.*

Bón og þvottur
Hjá Jobba
Skeifan 17
Sími **568 0230**
Opíð kl. 9-17.30
alla virka daga.
www.hjajobba.is



MXSPORT.IS

Munið Nýtt Heimilisfang

**Stapahraun 7
220 Hafnarfjörður
www.mxsport.is**

**Vorum að taka upp mikið magn
af nýjum og spennandi vörum!**

Pústþjónusta Bjarkars

Sími
421 3003

Hrannargötu 3, Reykjanesbæ

**PÚSTVIÐGERÐIR
SÉRSMÍÐI
OG ALLAR ALMENNAR
BÍLAVIÐGERÐIR**


Erum með vörur frá BJB, Kvikk, Bílabúð Benna,
Jeppasmiðjunni Ljónsstöðum, AB varahlutum og fleirum



Þú þarft ekki að spenna beltin, settu þig í stellingar og vertu tilbúinn á stýripinnanum og vertu varkár á inngjöfni og bremsunni, því að Grid 2 ætlast ekki lítills af þér.

Þessi bílaleikur er arcade/ simulator sem þýðir hvað?

Í Arcade bílaleikjum geturðu haldið inni bensínjöfni í gegnum beygjur án þess að hafa of miklar áhyggjur af því hvort þú missir stjórn á bílnum og þú þarft ekki að hafa of miklar áhyggjur af því að missa stjórnina á honum



Í simulator bílaleikjum væri best að hafa stíri(stýri), skiptingu og pedala til að geta betur stjórnað fínum hreifingum(hreyfingum) í inngjöf og mýkja bremsun og halda bílnum í leiknum í ákveðnum gír til að taka beygjur rétt, eða að drifta í gegnum þær.

Þetta þýðir að framleiðandinn þekkir muninn á báðum týpum leikja og áttar sig á að kannski hafa ekki allir réttar uppsetningar fyrir alvöru simulator heldur eru flestir spilarar með fjarstýringar... og þá í flestum tilfellum með PS3 eða Xbox 360 fjarstýringar sem hægt er að stjórna bílnum með mjúkum hreyfingum og varlegri inngjöf / bremsun en samt gefur leikurinn eftir og refsar ekki of mikið til að hann sé of erfiður á stýripinna.

Þú spilar nýliða í kappakstri sem lofar rosalega góðu og vekur upp áhuga manns sem á sér draum. Draum um að byrja nýja keppni með öllum bestu akstursmönnum frá öllum heiminum, hver í sínum sérflokkum, saman í einni stórrí keppni, og það er þitt verk að fara um heiminn og raka þessum meisturum saman í keppni með því að keppa á móti þeim, ná virðingu þeirra og fá þá inní keppni og vinna hjörtu aðdáenda.


Eins og ég útskýrði áðan þá bregðast bílarnir í þessum leik aðeins meira við, eins og þeir myndu gera í alvörunni, þú finnur fyrir þegar bíllinn missir grip þegar þú ferð út á gras eða ef bíllinn lyftist upp við smá hrossur, og þetta skiptir máli. Þetta er alls ekki fyrsti bílaleikur Codemasters þannig að maður finnur fyrir góðri og vel samantlagðri spilun og stjórn í höndunum.

En því miður er ekki allt fullkomið. Það vantar aðeins upp á gerfigreind hinna bílstjóranna, þeir virðast bregðast vel við hvor öðrum, þeir missa stjórn undir pressu, sveigja frá árekstrum osfrv... nema þeir bregðast lítið sem ekkert við spilaranum. Nokkrum sinnum lenti ég í því að vera klesstur út í kant því þeir virðast ekki taka eftir manni, sem getur valdið smá óreiðu á brautinni sem getur orðið pirrandi undir lok leiksins, þar sem bílar skemmast og bila í þessum leik og olli því að ég þurfti að restarta keppnum oft og stundum þegar ég var kominn langleiðina inn í keppni.

En þó í hverri keppni er þér boðið að nota svo kallað "replay" ef þú lendir illa í því í keppni eða vildir geta tekið einhverja beygju aðeins betur, þá ýtir þú á replay takkann og þá spólast aðeins aftur til baka svo hægt sé að laga mistök.

Varahlutir sem þú getur treyst á!

- Stýrishlutir
- Pakkningasett
- Ventlar
- Vatnsdælur
- Tímareimar
- Knastásar
- Legur
- Stimplar



Olíur á frábæru verði

Viðgerðir fyrir flestar gerðir bíla

Vélaviðgerðir, túrbínuviðgerðir og spíssviðgerðir.



Sími: 577 1313 | Tangarhöfða 13 | kistufell.com

Vinum fyrir öll tryggingafélögin

534-2000



BESTIR FYRIR BÍLINN ÞINN

Lyngás 12 Garðabæ



Fólki gæti fundist þetta vera svindl, en þessi leikur er krefjandi og mér fannst þetta þæginlegt að hafa til staðar.

Keppnir leiksins eru ekki of einhæfar, það eru nokkrar mismunandi týpur af keppnum í leiknum eins og A til B keppnir, nokkrir valdir hringir, Drift, Elimination, Touring og svo nokkur lítil verkefni eins og framúraksturs keppni, Endurance og tímatökur. Leikurinn reynir að vera fjölbreyttur og tekst það ágætlega hvað keppnir varðar en þó það sem dregur út fjölbreytninni voru brautirnar, en leikurinn hefur nokkrar brautir og staði til að keppa á, frá sveitar vegi yfir í innanborgar keppnir til kappaksturs brauta, en mér fannst bara vanta svona 3 til 4 staði til að keppa á í viðbót.

Bílar leiksins eru ekki nema 42 sem standa til boða með venjulegri útgáfu leiksins, en það er hægt að bæta við listann með því að eyða aðeins meiri pening í leikinn og kaupa aukapakka með nokkrum bílum, en ég tel þá ekki með hér. Hinsvegar er bílaúrvalið frekar fjölbreytt og ættu allir að finna sér einhvern bíl við hæfi eins og muscle, keppnisgræjur, jap tech, ofur sportbílar, euro classics ofl. Hver bíll hegðar sér á sinn hátt og þarf maður því að finna sér rétta tækið sem hentar manni betur en annar bíll fyrir hverja keppni. Því miður kaupir þú ekki bílana í leiknum né getur breytt þeim. Það er í raun of auðvelt að fá bílana í leiknum, með því að vinna tímatökur færðu bílinn í bílskúrinn, meiraðsegja gefins stundum í gegnum leikinn.



Hljóðvinnsla þessa leiks er "ace". Hver bíll hefur sitt hljóð og ef þeir bíla heyrir maður hvað er að gerast í vélinni eða undirvagni. Einnig þegar keyrt er í gegnum göng eða meðfram klettum bergmála hljóðin af veggjunum. Þegar maður stillir myndavélina fyrir aftan bílinn heyrir maður drunur pústkerfisins og ef myndavélin er við húddið heyrast há vinnsluhljóðin rosalega.

Í miðri keppni er lítið sem ekkert um tónlist nema í mikilvægum keppnum, þá dettur inn púlshækkandi lög sem eru mikið í takt við það sem spilarinn er að kljást við.

Annars er aðallega tónlist í replayum eftir keppnir og einnig eftir keppnir þegar maður er sendur aftur í aðal valmynd, þá taka við rólegir tónar sem róa mann myll brjálæðisins í keppnunum.



Yfirbragð leiksins í valmyndum og í spilun er frekar þungbúið með dökkum litum.

Leikurinn í heild sinni lítur rosalega vel út þökk sé flottum effectum eins og ryki á skjá, flottum ljós effectum, filterum og hraða effectum. Öll bíla módel líta vel út en stundum sér maður smá brot á línunum sem ættu ekki að sjást, brautirnar eru glæsilegar að mörgu leiti, þá aðallega á ferð, en ef það er sett á pásu og grafkin aðeins skoðuð þá kemur í ljós eilítið löt vinnubrögð á umhverfi, en þetta er ekkert áberandi þegar maður er upptekinn á fullum hraða.

Svo er auðvitað multyplayer eða netspilun, en þar erum við að tala um, liggur við, allt annan leik.

Allir bílarnir sem þú hefur unnið í leiknum koma ekki yfir, heldur þarftu að kaupa hvern bíl fyrir sig með stigum úr keppnum á móti öðrum spilurum, og getur þá loksins breytt bílum og gert þá öflugri og betri í beygjum osf.

Því miður kemur það allt of oft fyrir að aðrir spilarar eru að spila klessuleiki í keppnunum, en ég hef tekið eftir því að þeir ná yfirleitt ekki langt á því. Best er að forðast þá bara og komast sem fyrst áfram og halda sínu striki og ná fyrsta sæti, ef þú getur. Annars er ekki hægt að kenna leiknum né framleiðendum um.

Í heildina séð er Grid 2 big budget leikur sem hefur allt sem hann þarf til að vera stór stjarna kappakstursleikja en fellur um sig á nokkrum smáatriðum sem brjóta heildar upplifunina.

En ekki láta þetta stoppa þig frá því að kíkja á þennan leik, því ef þig vantar akstursútrás þá skilar þessi leikur sér mjög vel og fær mann til að líða eins og næstu upprísandi stórstjörnu í kappakstri!

Einkunn 8.6

Bílrúðuskipti



Gerum við og skiptum um bílrúður fyrir öll tryggingafélög.



AGC
ASAHI GLASS COMPANY



PILKINGTON
BÍLRÚÐUR



Skeifan 2

S: 530 5900 | poulsen.is

Að undirbúa fjölskyldubílinn fyrir veturinn



Það er að mörgu að hyggja þegar á að fara að gera bílinn kláran fyrir veturinn. Ekki er nóg að setja undir hann vetrardekk, því þá á eftir að velja hvort það eru negld eða ónegld dekk sem eiga að fara undir, og eru bæði til harðskelja, harðkorna og loftbóludekk.

Svo eru það aðrir sem vilja bara vera á ónegldu!

Þá er að huga að þurrkublöðum og rúðupissi, þar verður að skoða þurrkublöð og jafnvel skipta um þau og síðan setja góðan ísvara á rúðupissið sem inniheldur einnig hreinsiefni og heldur bæði rúðu og þurrkublöðum hreinum.

Það eru nokkur verkstæði sem (tók út „að“) eru með svokallaðar vetrarskoðanir, þar sem farið er yfir bílinn, dekk skoðuð og skipt um ef þess er óskað, rafgeymir skoðaður og mældur upp, rúðupurrkur og rúðupiss skoðað og bætt á frostlegi auk þess sem kælikerfi er mælt upp hvað varðar frostþol vökvans og þá er bætt á vökva ef eitthvað þykir upp á vanta.

Mjög gott er að láta skoða þetta því kannski bæði rafgeymir og frostlögur eitthvað sem sumir gleyma. Hvað er leiðinlegra en dauður rafgeymir á köldum vetrarmorgni, þá þarf maður að hlaupa um með start kapla og finna einhvern sem vill gefa manni start. Það er náttúrulega hægt að hringja á annað hvort leigubíl eða sendiferðabíl og borga fyrir startið, en er ekki bara betra að vera búinn að setja í bílinn góðan geymi sem stendur sig yfir vetrartímann.

Starfsmenn verkstæða og smurþjónusta vita alvega hverskonar rafgeymi hver bíll þarf og svo (tók út „síðan“) er alltaf hægt að fá sér aðeins öflugri geymi til að vera öruggur!

Við hjá Mótor & Sport leitum á nokkur verkstæði til að athuga hvernig væri staðið að vetrarskoðunum á bílum hjá þeim. Verkstæðin sem við töluðum við voru: Max-1 Bílavaktin, Kvikkfix, Bílkó og Nesdekk. Hjá öllum þessum verkstæðum er boðið upp á sama hlutinn eða að mæla frostlög á kælikerfi, mæla upp rafgeymi, bæta á rúðuvökva, athuga olíu, rúðupurrkur og fleira þar að auki bjóða bæði Bílkó og Max-1 upp á hjólbarða og hjólbarðþjónustu. Þeir hjá Bílkó vilja taka það fram að þar þarf aðeins að koma með bílinn á eina lyftu þar sem öll ofangreind atriði eru skoðuð auk þess sem skipt er yfir á vetrardekk þar sem það á við. Svona skoðun er mjög nauðsynleg að okkar mati og erum við mjög ánægð með hversu vel verkstæðin eru að taka á þessum málum og bjóða fólki góða pakka.

Hvað vetrardekkinn varðar þá er það í raun og veru sama sagan, það er að leita tilboða og skoða vel hvað hentar hverjum og einum.

Öll þessi dekk hafa sína kosti og galla og það sem einum finnst kostur er galli hjá öðrum, þannig að skoða þetta vel því að dekkinn eru jú einn mikilvægasti þátturinn í öryggisbúnaði bílsins og þá sérstaklega á veturna.

Endilega að hafa samband við ofangreind verkstæði og athugið hvað starfsfólk þar getur gert fyrir ykkur



JÁKÓ

Háprýstidælur

við erum með þær

á tilboði í október

Stillanleg frá 0-200 bör

15 lítra og þolir 80°C

230/380 W

1450rpm


Dælan er Afkastammikil

og endingargóð

stimpil dæla

15 ára reynslu til sjós

og lands



**Dæla
og
Mótor
með sápujegtur**


á aðeins

157.500.-

án vsk

með vsk

197.662.-



*Eigum líka
byssur
og
varahluti*



Erum líka með
Gólf og Veggjahreinsiefni
hreinsiefni fyrir bíla- og vélaverkstæði
hreinsiefni fyrir matvælaíðnað
Alhliðs Sóttahreinsisápa
Margar gerðir af Sandblátur sand og fylgihlutum





TOYO TIRES
driven to perform



**ÖRYGGI
ALLAN
HRINGINN**
TOYO TIRES
driven to perform

Lendir þú í biðröð í haust?

Toyo harðskeljadekkin mega fara undir bílinn strax

Eitt er öruggt; veturinn kemur og þegar hann kemur gerist það með hveli. Flestir hafa nóg annað við tímann að gera en að standa í biðröðum. Notkun á Toyo harðskeljadekkjum er ekki bundin við ákveðnar dagsetningar og þau mega því fara undir bílinn strax.

Toyo harðskeljadekkin hafa fyrir löngu sannað sig við íslenskar aðstæður. Þau eru einstaklega gripsterk, hljóðlát og umhverfisvæn.

Komdu strax og tryggðu þér Toyo öryggi.

Söluaðilar um land allt

Nánari upplýsingar í síma 590 2045 eða á benni.is



**Bílabúð
Benna**
Sérfræðingar í bílum

